

Fulltrúi Flokks fólksins í Mannréttinda og lýðræðisráði leggur til að Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að tekinn verði upp skólafatnaður í samvinnu við verkalýðsfélögin og eða lífeyrissjóði.

Greinargerð:

Umræða um skólabúninga kviknar alltaf öðru hvoru. Sérstaklega virðast það foreldrar sem hafa áhuga á því að taka upp skólabúninga. Ekki er óalgengt að slík umræða spretti upp eftir umfjöllun fjölmiðla um tískuvitund barna og unglunga. Þá fylgir í kjölfarið viðtöl við efnameinni foreldra sem tala um hversu erfitt það er að kaupa dýr merkjafötin sem börnin og unglungarnir krefjast. Ef þau fá ekki merkavörurnar; nýjustu úlpurnar, skóna, buxurnar, sem kosta morðfjár heldur ganga bara í Hagkaupsfötunum(með fullri virðingur fyrir Hagkaupum), þá verði þau fyrir einelti. Hugmyndin er að ef öll börnin klæðist eins fötum, þá verði það ekki eins augljóst hver þeirra koma úr efnameiri fjölskyldum, og fjölskyldur hverra hafa minna til handanna að bera. Því verði fátækari börnunum síður strítt og minni líkur á að þau lendi í einelti. Í öllum skólum landsins fer fram mikið forvarnarstarf gegn einelti en betur má ef duga skal. um.

Virðingarfyllt

Ásgerður Jóna Flosadóttir varaborgarfulltrúi

Flokks Fólksins.